

39. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um skipti á dánarbúi Melsteðs amtmanns.

1865.

15. júní.

Útaf bréfi frá Böving sýslumanni í Snæfellsnessýslu, sem sent var hingað beina leið, úrskurðaði dómsmálastjórnin 3. októbermán. f. á. ¹⁾, að eptir því, sem sýslumaður þessi hefði skýrt frá, væri rétt, að bú Melsteðs heitins amtmanns, sem Jóhannes Guðmundsson, sýslumaður í Mýra- og Hnappadalssýslu, þá hafði til skiptaumráða eptir skipun yðar, herra amtmaður, væri fengið hinum fyrnefnda sýslumanni til skiptaumráða. Nú hafði þér í bréfi dags. 31. janúarmán. þ. á. skýrt frá, að um leið og þér hafði kunngjört Böving sýslumanni úrskurð stjórnarráðsins, þann er áður var um getið, hafði þér látið hann vita, að þér gætuð ekki skyldað hinn setta skiptaráðanda í búinu til að borga aptur öll skiptalaun þau, sem hann hefði þegar tekið, eða nokkurn hluta þeirra, fyr en þér hefðuð skýrt dómsmálastjórninni ítarlegar frá málavöxtum. Þér hafði þessu næst tekið fram, að þér hafði ekki skipað Jóhannes sýslumann Guðmundsson til að skipta búinu, fyr en þér voruð búnir að skora á stiptamtmanninn yfir Íslandi að skipa skiptaráðanda í búð, og hann hafði skorazt undan því. Loks hafði þér spurt um, hvort Böving sýslumanni beri öll skiptalaunin eða einasta nokkur hluti þeirra og þá hversu mikið, og hver eigi að greiða það, sem álitíð væri að honum beri; um leið hafði þér þó látið það álit í ljósi, að eptir sanngirni beri Böving sýslumanni ekki nein skiptalaun, þar eð búíð var að skrifa upp og halda uppboð í búinu, gefa út innköllun til skuldaheimtumannanna og skiptin byrjuð, áður en hann kom í sýsluna.

Um leið og þess skal getið, að dómsmálastjórnin verður að álíta, að þau orð yðar, herra amtmaður, sem síðast voru til færð, séu svo að skilja, að það sé ekki Jóhannes sýslumaður Guðmundsson, sem hefir gjört þessar ráðstafanir í búinu, þar sem ætla má, eptir því segir í bréfum Bövings sýslumanns frá 16. júlímán. og 20. ágústmán. f. á., að hann hafi ekki tekið

¹⁾ Smbr. 92. bls. hér að framan.

1865.
15. júní.

við skiptunum á búinu fyr en 10. ágústmán. s. á., en að það hafi verið Árni Thorlacius, sem áður fyrri var settur sýslumaður í Snæfellsnessýslu, er gjörði tæðar ráðstafanir; enda má sjá á bréfi því frá stiptamtmaninum yfir Íslandi, sem þér hafið sent hingað með bréfi yðar, að hann hefir byrjað skiptin á búinu: — skal yður um þetta málefni til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það, að dómsmálastjórnin af ástæðum þeim, sem til eru færðar í úrskurði hennar 3. októbermán. f. á., enn sem fyr hlýtur að álíta, að Böving sýslumaður eigi að fá búið til skiptaumráða framvegis, en um skiptalaunin á að fara að í líking við ákvörðunina í 37. grein í aukatekjureglugjörðinni frá 10. septembermán. 1830, þannig, að amtið á, ef til þess kemur, að ákveða með úrskurði sínum, hversu mikið hvorum þessara tveggja skiptaráðanda beri af skiptalaununum.

16. júní.

40. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um borgunarfrest á skuld jafnaðarsjóðsins.

Þér hafið, herra amtmaður, í bréfi dags. 6. febrúarmán. þ. á. um borgun eptirstöðvanna, 1200 ríkisdala, af láni því, sem jafnaðarsjóði vesturumdæmisins var veitt samkvæmt lögum 29. desembermán. 1857, stungið uppá, að borga skuli helminginn af eptirstöðvum þessum á ári því, sem nú er að líða, og hinn helminginn fyrir lok ársins 1866.

Um leið og þess skal getið, að frestur sá með borgun eptirstöðva þessara til loka ársins 1866, sem um er rædt í bréfi stjórnarráðsins frá 4. ágústmán. f. á., hefir veittur verið í fjárhagslögnum fyrir 1865—66, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar um borgun skuldarinnar, þá er að ofan er um getið.